

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 15. desember 2016 R1612004

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
R16010030	Fundargerð fundar formanns borgarráðs, formanns endurskoðunarnefndar og innri endurskoðenda	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16010031	Fundargerð Faxaflóahafna sf. nr. 152 - 9. desember 2016	Sent borgarfulltrúum til kynningar
	Annað:	
R16110062	Ályktun opins fundar Melaskóla	Sent til meðferðar skrifstofu eigna og atvinnuþróunnar, umhverfis- og skipulagssvið og skóla- og frístundasviðs.
R16120011	Beiðni Reykjavík Fashion Festival um færslu styrkveitingar milli ára	Sent Menningar- og ferðamálasviði til umsagnar.
R15060136	Bókun hverfisráðs Kjalarness um skýrslu innri endurskoðunar	Sent til kynningar hjá borgarfulltrúum og stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.
R16120051	Erindisbréf stýrihóps um mótun málstefnu Reykjavíkurborgar	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til meðferðar.
R16120049	Breytingartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi breytingar á velferðarþjónustu vegna fjölgunar aldaðra	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R16120047	Breytingartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að skoðað verði hvernig bæta megi starfsmannaeklu í ummönnumstörfum	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R16120050	Breytingartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að lengja opnunartíma sundlauga	Sent íþrótt- og tómstundasviði til umsagnar.
R16120043	Tillaga sviðstjóra skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um stofnun bataskóla á Íslandi	Sent skóla- og frístundasviði og velferðarsviði til meðferðar.
R16120059	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkissins, nr. 1/1997, með síðari breytingum.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R16010095	Yfirlit yfir viðskipti við innkaupadeild september 2016	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16010095	Yfirlit yfir viðskipti við innkaupadeild nóvember 2016	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R15080038	Húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fólki með fötlun - Áskorun landssamtakana Þrjoskahjálp	Sent borgarfulltrúum, velferðarsviði og skrifstofu eigna og atvinnuþróunnar til kynningar.

Árið 2016 mánudaginn 28. nóvember var haldinn 8. fundur formanns borgarráðs og formanns endurskoðunarnefndar. Fundurinn var haldinn að Tjarnargötu 12 og hófst kl. 11:05. Viðstaddir voru: S. Björn Blöndal og Ólafur B. Kristinsson. Einnig sat fundinn Hallur Símonarson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Malbikunarstöðin Höfði. Rætt um aðkomu endurskoðunarnefndar og breytingar sem eru framundan.
2. Árshlutareikningar – Endurskoðunarnefnd fékk kynningu á árshlutareikningum janúar til september 2016. Stjórn Félagsbústaða var búin að afgreiða reikninginn en annars er gerð umsögn til borgarráðs og stjórnar Orkuveitunnar sem er til umfjöllunar á fundi OR í dag.
3. Verið að útfæra opnun bókhalds með Qlik-Sense m.a. til þess að gefa almenningi kost á því að koma með spurningar veita einnig ákveðið aðhald. Lítur vel út og gefur möguleika á því að bora sig ofan í bókhald borgarinnar. Hægt verði að skoða niður á birgja og einstakar starfseiningar hjá borginni þegar þetta kemst að fullu í gagnið eftir einhverja mánuði.
4. Rætt um uppgjörskerfi borgarinnar, Consolidation & Cash, sem er á þröskuldi þess að verða innleitt.
5. Rætt um eftirfylgni endurskoðunarnefndar með athugasemdum/ábendingum ytri endurskoðenda. Rætt um hvaða farveg ábendingar ytri endurskoðenda fara í hjá fyrirtækjum borgarinnar. Mikilvægt að svör fari að berast frá A-hluta og samstæðunni.
6. Innri endurskoðunaráætlun Strætó hefur komið fyrir endurskoðunarnefnd og er í lokavinnslu hjá Deloitte og Strætó. Innri endurskoðunaráætlun kemur aftur fyrir endurskoðunarnefnd á næsta fundi nefndarinnar og verður væntanlega vísað til stjórnar Strætó til samþykktar.
7. Innri endurskoðunaráætlun Sorpu hefur komið fyrir endurskoðunarnefnd og er í lokavinnslu hjá PwC og Sorpu. Innri endurskoðunaráætlun kemur aftur fyrir endurskoðunarnefnd á næsta fundi nefndarinnar og verður væntanlega vísað til stjórnar Sorpu til samþykktar.
8. Rætt um fyrirkomulag innri endurskoðunar Faxaflóahafna en ekki hefur enn verið gengið frá verksamningi um innri endurskoðunarþjónustu eftir verðfyrirspurn sem gerð var fyrir um tveimur árum.
9. Óhæði ytri endurskoðenda hefur verið til umfjöllunar hjá endurskoðunarnefnd sem vinnur að því að skýra verklag varðandi samþykki fyrir önnur störf ytri endurskoðenda.
10. Kynntar breytingar á starfsreglum endurskoðunarnefndar sem samþykktar voru á síðasta fundi endurskoðunarnefndar.
11. Rætt um innri endurskoðun Orkuveitunnar, framgang verkefna og fyrirkomulag þjónustunnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:17

Fundur nr. 152

Ár 2016, föstudaginn 9. desember kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 10:00.

Mættir:

Dagur B. Eggertsson
Líf Magneudóttir
Þórlaug Ágústsdóttir
Ólafur Adolfsson
Björgvin Helgason
Magnús Smári Snorrason
S. Björn Blöndal

Varafulltrúi: Halldór Halldórsson

Áheyrnarfulltrúar:

Ingibjörg Valdimarsdóttir
Sigríður Bergmann

Auk þess sátu fundinn: Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri, Vignir Albertsson, skipulagsfulltrúi, Guðmundur Eiríksson forstöðumaður tæknideildar og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Málefni Silicor - minniblað hafnarstjóra dags. 29.11.2016. Viðræður við Terry Jester, John Beaver, Tom O'Brien og Davíð Stefánsson fulltrúa Silicor.
Fulltrúa Silicor gerðu grein fyrir stöðu verkefnisins.
Stjórn Faxaflóahafna samþykkir að veita hafnarstjóra umboð til að fresta gildistökuákvæði samninga við Silicor til 20. janúar 2017. Hafnarsjtóra falið að afla frekar gagna um stöðu málsins og leggja fyrir næsta fund hafnarstjórnar.
2. Bréf Hafnasambands Íslands dags. 16.11.2016 þar sem komið er á framfæri ályktun Hafnasambandsþings um umhverfismál.
Lagt fram.
3. Lóðamál:
 - a. Umsókn Köfunarþjónustunnar dags. 16.11.2016 um lóð á svæði utan Klepps.
 - b. Umsókn Idea ehf. dag. 28.11.2016 um lóð fyrir 12.500 m² vélaverkstæði Hamars ehf. á svæðinu utan Klepps.**Umsóknirnar lagðar fram. Á meðan unnið er að skipulagi svæðisins utan Klepps verða umsóknir um lóðir ekki teknar til afgreiðslu.**
4. Skipulagsmál:
 - a. Tillaga um skipulag á svonefndum Línbergsreit við Fiskislóð.
Hafnarstjórn gerir fyrirvara um nýtingarhlutfall, bygginarmagn og byggðamynstur, en samþykkir að óska eftir umsögn skipulagsráðs Reykjavíkur um fyrirliggjandi tillögur. ÓA vikur af fundi.

SBA

28

- b. Ýmis skipulagsmál á Grandagarði. Minnisblað hafnarstjóra dags. 30.11.2016.

Lagt fram.

- c. Erindi OLÍS dags. 5.12.2016 þar sem óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi vegna fyrirhugaðra framkvæmda félagsins á lóðinni Klettagarðar 27 undir starfsemi félagsins.

Hafnarstjórn samþykkir að heimila umsækjanda að óska eftir breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar og að miðað verði við að nýtingarhlutfall verði 1,0. Við útfærslu tillögunnar er áskilið að umsækjandi hafi samráð við starfshóp sem vinnur að forsendurgerð fyrir deiliskipulag á aðliggjandi lóðum við Köllunarklettsveg.

- d. Bréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 14.11.2016 varðandi breytingu á landnotkunarskilmálum í miðborgarkjarna (Ma1). Takmarkanir á heimild til gistiþjónustu.

Lagt fram.

- e. Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, Ann María Andreassen, ásamt fylgigögnum dags. 7.11.2016 þar sem óskað er umsagnar erindi varðandi breytingu deiliskipulags á Grandagarði 8.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

5. Erindi Skinnfisk ehf. varðandi vörugjöld af fiskúrgangi dags. 20.11.2016.

Hafnarstjóra falið að afla frekari gagna fyrir næsta fund stjórnar.

6. Greinargerð fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar til borgarstjórnar um 9 mánaða uppgjör Faxaflóahafna sf.

Lögð fram.

7. Málefni Sindraportsins hf. (áður Hringrás hf.) - Klettagarðar 7 og 9. Minnisblað hafnarstjóra dags. 21.9.2015 og samantekt slökkviliðsstjóra SHS dags. 2.12.2016.

Vísað er til minnisblaðs hafnarstjóra, dags. 21. september 2015, um stöðu lóðamála að Klettagörðum 9, Reykjavík þar sem lóðarleigusamningur Sindraportsins hf. (áður Hringrás hf.), kt. 420589-1319, er fyrir allnokkru runninn út. Upphaflegur leigusamningur um lóðina var gerður árið 1970. Samningurinn var endurnýjaður þann 28. desember árið 1983 og gilti hann til ársins 1993. Í ágúst árið 2003 barst Reykjavíkurborg erindi frá Hringrás hf. um að leigusamningurinn yrði framlengdur og var hafnarstjóra falið að ræða við bréfitara. Í byrjun árs 2005 var samþykkt í stjórn Faxaflóahafna sf. að endurnýja lóðarleigusamning Hringrásar, en aldrei var gengið frá málinu með undirritun samnings og þinglýsingu hans. Árið 2009 voru lóðamál Hringrásar hf. tekin fyrir í stjórn Faxaflóahafna sf. á ný og eftirfarandi bókað:

"Ef af framkvæmdum verður við gerð Sundaganga er það tillaga Vegagerðarinnar að einn gangamunni komi upp á því svæði sem Hringrás hefur aðstöðu. Að auki telur stjórn Faxaflóahafna sf. að

starfsemi fyrirtækisins sé betur fyrir komið til framtíðar á öðrum stað. Því samþykkir stjórn Faxaflóahafna sf. að framlengja lóðarleigusamning fyrirtækisins við Hringrás um 5 ár, með fyrirvara um að framkvæmdir við Sundagöng hefjist fyrr, en felur hafnarstjóra að ræða við fulltrúa Hringrásar um möguleikann á flutningi fyrirtækisins á framtíðar athafnasvæði."

Upplýsingum um ákvörðun þessa og drögum að samningi á grundvelli hennar var komið til Hringrásar hf. en ekki var gengið frá samningi milli aðila. Samkvæmt þeim skilmálum er Hringrás hf. stóð til boða átti leiguafnotum félagsins af lóðinni að ljúka á árinu 2014.

Sem kunnugt er hafa a.m.k. þrjár eldsvoðar komið upp inni á lóð Sindraportsins hf. (áður Hringrás hf.), þ.e. árið 2004, 2011 og 2016. Af hálfu eldvarnareftirlits Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins liggur fyrir sú afstaða að fullreynt sé með úrbætur á aðstöðu Sindraportsins hf. í Klettagörðum 9, m.a. með hliðsjón af stærð lóðarinnar og nálægðar við íbúðabyggð. Sé horft til tíðra eldsvoða á lóðinni og þeirra efna sem safnað er þar saman liggur fyrir að rekstur endurvinnslustöðvar á þessum stað getur leitt af sér almannavá. Slíkt staða er óviðunandi að álitu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Faxaflóahafna sf. sem eiganda viðkomandi lóðar.

Með hliðsjón af framangreindu hyggjast Faxaflóahafnir sf. segja Sindraportinu hf., kt. 420589-1319, (áður Hringrás hf.) formlega upp afnotum af lóðinni Klettagarðar 9, Reykjavík, og er fyrirætlun stjórnar félagsins eftirfarandi:

- a) Afnotum Sindraportsins hf. (áður Hringrás hf.) verði sagt upp og miðað við að lóðin verði rýmd eigi síðar en í árslok árið 2017.
- b) Með vísan til 3. greinar síðastgildandi lóðarleigusamnings frá 1983 er gerð sú krafa að leigutaki (Sindraportið hf.) annist hreinsun lóðarinnar og brottflutning á úrgangi og rusli sem stafar frá starfsemi félagsins.
- c) Hafnarstjóra Faxaflóahafna sf. verði falið að skoða hvort rétt sé að nýta kauprétt á húsum og mannvirkjum á lóðinni skv. 7. grein síðastgildandi lóðarleigusamnings.

Faxaflóahafnir sf. veita Sindraportinu hf. 20 daga frest til að til að koma að sjónarmiðum sínum og/eða andmælum við framangreindum áformum félagsins áður en ákvörðun verður tekin í málinu. Hafnarstjóra er falið að koma samþykkt þessari til Sindraportsins hf.

8. Frumdrög Yrkis arkitekta dags. 2.12.2016 varðandi rýmisathugun og umferðarmál í Gömlu höfninni frá Austurbakka að Vesturbugt. Hafnarstjóri og skipulagsfulltrúi gerðu gein fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið. Hafnarstjórn samþykkir að kynna efnið fyrir umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar og fyrirtækjum í hafnsækinni ferðaþjónustu.
9. Minnisblað aðstoðarhafnarstjóra dags. 3.12.2016 varðandi stöðu og ástandsmat mannvirkja í slippnum. Aðstoðarhafnarstjóri gerði grein fyrir þeim viðhaldsverkefnum sem nauðsynlegt er að fara í. Hafnarstjórn er fylgjandi því að starfsemi



slippsins haldi áfram á komandi árum samþykkir því að fara í þær viðhaldsframkvæmdir sem gerð er grein fyrir.

10. Drög að endurnýjun samstarfssamnings Faxaflóahafna sf. og Íslenska sjávarklasans ehf.

Hafnarstjórn samþykkir samninginn.

11. Erindi Björgunarsveitarinnar Ársæls dags. 1.12.2016, um viðlegupláss og leigu verbúðar undir búnað á landi.

Hafnarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur hafnarstjóra að vinna að útfærslu þess.

12. Minnisblað hafnarstjóra um málþing Faxaflóahafna sf. dags. 23.11.2016.

Lagt fram.

13. Upplýsingabeidni Samkeppniseftirlitsins til Faxaflóahafna sf. dags. 1.12.2016.

Hafnarstjóra falið að taka saman umbeðin gögn.

14. Forkaupsréttarmál:

- a. Erindi Fasteignamarkaðarins ehf. dags. 29.11.2016 þar sem óskað er eftir að fallið verði frá forkaupsrétti á hluta eignar að Fiskislóð 45, fastanr. 229-6858. Kaupandi 1977 ehf. kt. 421111-0810. Seljandi Baldur Bergsson kt. 140791-3269 og Baldur Hermanns Bergsson kt. 290766-4279.

Hafnarstjórn staðfestir að fallið sé frá forkaupsrétti enda verði nýting lóðar í samræmi við deiliskipulag og lóðarleigusamnings. ÓA.

15. Önnur mál.




- a. Starfsmannamál - umsóknir um starf skipulagsfulltrúa.




- b. Laun stjórnar.

Þrátt fyrir samþykkt aðalfundar Faxaflóahafna sf. þann 26. maí s.l. að stjórnarlaun skuli samsvara flokki 1 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg samþykkir stjórn Faxaflóahafna sf. að launin taki frá 1. janúar mið af 2. flokki fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg. Stjórnin beinir því til eigenda félagsins að staðfesta samþykkt þessa á fundi eigenda. HH situr hjá við afgreiðslu málsins vegna þess að ekki er búið að taka endanlega ákvörðun um tengingu nefndarlauna hjá Reykjavíkurborg í tengslum við hækkun þingfararkausps.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 12:15




Eg. Björg Brákur
Ingiþingur Valdimarsd.

Jon Þorvaldsson





Björgur Jónsson ³¹

**Ályktun opins fundar skólaráðs Melaskóla sem haldinn var í
Melaskóla þann 30. nóvember 2016**

Melaskóli er sprunginn!


Húsnæði Melaskóla og sú aðstaða sem nemendum, kennurum og öðru starfsfólki er boðið upp á er algerlega óviðunandi og dugar ekki þeim fjölda nemenda sem sækja skólann. Sérlega vantar fleiri almennar bekkjarstofur og sérgreinastofur til kennslu. Mötuneyti skólans, aðgengismál, salernismál og vinnuaðstaða kennara er ófullnægjandi. Uppfæra þarf tölvu- og tækjakost skólans í samræmi við nútímakröfur og aðbúnað í öðrum skólum.

Húsnæðisvandi skólans verður ekki leystur til framtíðar án viðbyggingar. Setja þarf fram framkvæmdaáætlun um stækkun skólans sem og endurbætur og viðhald núverandi húsnæðis. Framkvæmdum verði lokið að tveimur árum liðnum. Þangað til verði neyðarástand í húsnæðismálum skólans leyst með bráðabirgðahúsnæði, í fullu samráði við stjórnendur skólans og skólasamfélagið.

Fundurinn skorar á Reykjavíkurborg að bregðast strax við vandanum og láta vinna tillögur til úrbóta sem kynntar verði skólasamfélaginu í byrjun árs 2017.

Ályktun þessi er send:

Deigi B. Eggertssyni borgarstjóra,
skóla- og frístundasviði Reykjavíkur
umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur
borgarfulltrúum í Reykjavík,
menntamálaráðuneytinu og
foreldrum barna í Melaskóla.



Erindi til borgarráðs Reykjavíkur
Vegna: Reykjavík Fashion Festival 2017.
Dags. 2. Desember 2016

Fyrir hönd Reykjavík Fashion Festival (RFF) fer ég hér með fram á að borgarráð samþykki ósk okkar um að færa milli ára styrk sem Reykjavíkurborg hafði samþykkt vegna hátíðarinnar 2016.

Eigendaskipti hafa orðið á RFF og tóku nýir eigendur við nú seint á haustmánuðum. Þær upplýsingar lágu þá fyrir að hátíðin hefði fengið styrk vegna RFF frá borginni og að ekki þyrfti að sækja sérstaklega um nýjan styrk vegna hátíðarinnar sem haldin verður í mars á næsta ári í Hörpunni.

Nú hefur komið í ljós að þetta var misskilningur og skrifast væntanlega á eigendaskipti á hátíðinni. Því er sú staða uppi að styrkur vegna 2016 hefur ekki verið greiddur, enda var ákveðið að fresta hátíðinni og halda hana næst í mars 2017 samhliða Hönnunarmars í Hörpunni, en jafnframt að útrunninn er frestur til að sækja um fyrir næsta ár.

Er borgarráð í mestu vinsemd beðið um að taka tillit til þessa og samþykkja að færa styrk sem afgreiddur var fyrir 2016 til 2017, en RFF er einn stærsti menningarviðburður á ári hverju í borginni og gríðarleg kynning á íslenskum hönnuðum, landi, höfuðborg og þjóð. Mikill fjöldi erlendra blaðamanna sækir hátíðina heim, Íslandsstofa og Höfuðborgarstofa standa fyrir umfangsmikilli kynningu í tengslum við hátíðina og þúsundir borgarbúa sækja einstaka viðburði.

RFF er að mestu rekin fyrir styrki frá opinberum aðilum og fyrirtækjum. Fjöldi sjálfboðaliða starfar við hátíðina, en hugmyndin er að hún verði í framtíðinni haldin tvisvar á ári, líkt og gert er í mörgum öðrum borgum. Það yrði þungt högg fyrir RFF 2017 að njóta ekki stuðnings Reykjavíkurborgar og er því einlæg von okkar að unnt verði að verða við erindi þessu með jákvæðum hætti, íslenskri hönnun og hönnuðum til heilla.

Virðingarfyllst,
f.h. RFF

Kolfinna Von Arnardóttir

Reykjavík, 9. desember 2016

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness á fundi ráðsins fimmtudaginn 8. desember 2016:

„Hverfisráð Kjalarness lýsir yfir ánægju með að gerð hafi verið úttekt á starfi þjónustumiðstöðva og hverfisráða borgarinnar.

Áhyggjur veldur hversu hátt hlutfall starfsmanna borgarinnar þekkir lítið til starfsemi hverfisráðanna og kemur það heim og saman við reynslu hverfisráðs Kjalarness þar sem fulltrúar þess fréttu af allt of oft af málum sem varða Kjalarnes annars staðar frá í stað þess að þau berist formlega inn á fundi ráðsins. Er vissulega þörf á að kynna hverfisráðin betur fyrir starfsmönnum borgarinnar og efla tengslin þar á milli.

Hverfisráð Kjalarness tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í skýrslunni að auka þurfi möguleika hverfisráðanna til að vera virkari þátttakendur í stefnumótun hverfanna og ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva borgarinnar. Enn fremur þarf að skýra betur hlutverk hverfisráðanna og boðleiðir þeirra við aðrar stofnanir/starfsmenn borgarinnar.


Á vef Reykjavíkurborgar <http://reykjavik.is/hverfisrad> segir um hverfisráð:

„Hverfisráð skulu stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis. Þau eru vettvangur samráðs íbúa, félagsamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda, og eru virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna. Þannig eru hverfisráð ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum. Þá stuðla hverfisráð að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgarstofnana í hverfunum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa, allt eftir eðli máls hverju sinni. Hverfisráð fá til kynningar auglýstar breytingar á skipulagi og umhverfi er snerta hverfið auk kynninga á stærri framkvæmdum og meginbreytingum á þjónustu

Hverfisráð geta gert tillögur til stjórnar eignasjóðs um forgangsröðun framkvæmda í hverfinu.“

Hverfisráð Kjalarness telur ráðið gegna mikilvægu hlutverki í að efla samráð við íbúa Kjalarness og auka íbúalýðræði. Ráðið hefur lagt mikla áherslu á að efla félagsauð hverfisins og komið á formlegu samstarfi félaga og stofnana innan hverfisins undir nafninu Grænt Kjalarnes.“

Fyrir hönd hverfisráðs Kjalarness:



Þorvaldur Guðjónsson

Verkefnastjóri félagsauðs og frístunda

Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun málstefnu Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk stýrihóps:

Starfshópurinn hefur það hlutverk að marka heildstæða málstefnu fyrir Reykjavík skv. 130 gr. sveitastjórnarlaga. Hópurinn skal móta stefnu um birtingu gagna, semja reglur um málnotkun og málsnið, notkun tákna, íslensk punktaleturs og auðlesið efni og um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á þeirra móðurmáli eða annarri tungu en íslensku. Tekin verða mið af mannréttindastefnu borgarinnar, upplýsingastefnu og þjónustustefnu við gerð málstefnunnar. Mál sem notað er í starfsemi sveitarfélagsins eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt og skal vinna hópsins taka mið af framangreindum þáttum.

Einnig verði haft til hliðsjónar annað efni sem gagnast vinnunni og mögulega málstefnur annarra sveitarfélaga eða hins opinbera við gerð málstefnu Reykjavíkur.

Helstu verkefni:

- Að leggja fram heildstæða málstefnu fyrir Reykjavík
- Að hafa samráð við hagsmunahópa við gerð málstefnunnar
- Að gera tillögu um innleiðingaráætlun á grundvelli stefnunnar
- Að taka tillit til þegar markaðrar stefnu á vegum Reykjavíkur
- Að gera tillögu að framsetningu efnis á vegum Reykjavíkurborgar

Starfshópurinn skipa:

Sigrún Björnsdóttir

Tómas Ingi Adólfsson

Tveir fulltrúar tilnefndir af Íslenskri málnefnd

Til ráðgjafar og samstarfs:

Við gerð stefnunnar leiti starfshópurinn ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Niðurstöður starfshópsins verði lagðar fyrir borgarráð fyrir lok maí 2017.

Reykjavík, XX. desember 2016

Dagur B. Eggertsson

BORGARSTJÓRN 6.12.'16: Breytingatillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi breytingar á velferðarþjónustu vegna fjölgunar aldraðra - R16120049

Borgarstjórn samþykkir að innleiða breytingar í velferðarþjónustunni til að takast á við fjölgun aldraðra og þjónustubörf þeirra og fatlaðs fólks. Ljóst er að ekki verður hægt að reka velferðarþjónustuna með sama hætti næstu áratugi. Innleiða verður breytingar með mun sterkari hætti en gert hefur verið. Verkefni þjónustumiðstöðva þarf að rafvæða, kortleggja þarf hvaða búnað á að nota og innleiða þarf stórar breytingar í því hvernig starfsfólk velferðarsviðs nálgast störf sín. Markmiðið þarf að vera að geta sinnt fleira fólki jafn vel, fyrir sama fé. Breytingarferlinu þarf hins vegar að ýta úr vör með fjárhagslegum stuðningi.

BORGARSTJÓRN 6.12.'16: Breytingatillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að skoðað verði hvernig bæta megi starfsmannaeklu í umönnunarstörfum - R16120047


Borgarstjórn samþykkir að þar sem ber á starfsmannaeklu í umönnunarstörfum hjá Reykjavíkurborg verði skoðað hvernig bæta má úr því og gera störf hjá borginni eftirsóknarverð. Starfsumhverfið, viðhorf og menning innan fyrirtækjanna geta skipt sköpum hvað þetta varðar. Borgarstjórn samþykkir að farið verði í gagngera skoðun á því hvernig bæta megi starfsumhverfi mismunandi vinnustaða borgarinnar þar sem hvatt verði til nýsköpunar, jákvæðra samskipta, frumkvæði og lausnamiðaðri hugsun. Samþykkt að vísa tillögunni til borgarráðs.

BORGARSTJÓRN 6.12.'16: Breytingatillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að lengja opnunartíma sundlauga - R16120050

Borgarstjórn samþykkir að lengja opnunartíma sundlauga. Sundlaugar voru áður opnar lengur í hverju hverfi en í þeim miklu hagræðingaraðgerðum í kjölfar fjármálahrunsins var opnunartíminn stytur. Aðgangur að sundlaugum verður að teljast til grunnþjónustu en jafnframt eru sundlaugarnar dýrmætar fyrir ferðaþjónustuna.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

12. desember 2016

Viðtakandi: Borgarráð

Sendendur: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um stofnun bataskóla á Íslandi

Sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs, Helgi Grímsson, og velferðarsviðs, Stefán Eiríksson, leggja til við borgarráð að Reykjavíkurborg stuðli að stofnun og rekstri bataskóla á Íslandi með fjárframlagi að upphæð kr. 15 milljóna ár hvert, til undirbúnings og rekstrar bataskóla frá 01. janúar 2017 – 31. desember 2019. Námsflokkar Reykjavíkur munu hafa umsjón með verkefninu fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Málefni bataskóla kom til umfjöllunar á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar þann 6. október sl. Var þar gerð svofelld bókun:

„Velferðarráð tekur vel í hugmyndir um bataskóla. Batamiðuð þjónusta hefur verið innleidd í þjónustu við einstaklinga með geðraskanir hjá Reykjavíkurborg undanfarin ár. Bataskóli myndi vera góð viðbót við þau úrræði sem stendur þessum hópi til boða. Mikilvægt er að uppbygging bataskóla sé á forsendum notenda þjónustunnar og að hugmyndafræðin um batamiðaða nálgun sé ávallt höfð að leiðarljósi. Einnig er mikilvægt að vinna málið áfram í samráði við notendur, úrræði í geðheilbrigðismálum auk frjálsra félagasamtaka. Að lokum óskar Velferðarráð eftir því að málið verði unnið áfram auk þess sem ráðið verði upplýst um framþróun verkefnisins.“

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. nóvember 2016 var Bataskólinn kynntur og eftirfarandi bókanið lagðar fram.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hugmyndin um Bataskóla er áhugaverð viðleitni til að styðja við bakið á þeim nemendum í fullorðinsfræðslu sem glíma við geðraskanir og þurfa annars konar nálgun en veitt er í hefðbundnum framhaldsskólum. Batamiðuð þjónusta hefur verið starfrækt fyrir einstaklinga með geðraskanir á vegum borgarinnar undanfarin ár og er mikilvægt að taka mið af henni við þróun þessa verkefnis. Meirihluti skóla- og frístundaráðs tekur undir með velferðarráði

að mikilvægt er að vinna málið áfram í samráði við notendur batamiðaðrar þjónustu, frjáls félagsamtök og með hliðsjón af öðrum úrræðum sem í boði eru á þessu sviði.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lögðu fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir telja að vel útfærðar hugmyndir um Bataskóla ættu að njóta brautgengis innan borgarkerfisins, enda mikilvægt að búa til tækifæri fyrir hóp geðfatlaðra til að byggja sig upp og komast á þann stað að verða virkir í samfélaginu á ný.

Forsaga:

Við undirbúning að stofnun bataskóla á Íslandi hefur verið unnið út frá hugmyndafræði bataskóla í Englandi, einkum í Nottingham.

Bataskólar eru þegar taldir ein af meginstöðum í batamiðaðri geðheilbrigðisþjónustu. Fjölgun þeirra í Englandi, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu er talinn órækur vitnisburður um gildi þess að starfrækja slík úrræði. T.a.m. hefur árangur af starfi bataskóla í Nottingham orðið sá að um 70% nemenda hefur haldið áfram námi eða ráðið sig í vinnu að loknu námi og telja sig þurfa á minni þjónustu að halda frá félags- og/eða heilbrigðiskerfi.

Dagana 31. mars og 1. apríl 2016 kynnti 24 manna hópur frá Íslandi sér bataskóla eða „Recovery Colleges“ í London og Nottingham, m.a. voru fulltrúar Geðhjálp og velferðarsviðs (fylgiskjal 1).

Batamiðuð heilbrigðisþjónusta hefur verið innleidd sem hluti af geðheilbrigðisstefnu flestra vestrænna landa og byggist á því að stuðla að persónumiðaðri geðheilbrigðisþjónustu þar sem byggt er á styrkleikum notenda, tekið mið af reynslu fólks af eigin geðröskun sem og persónubundnum þörfum þeirra og væntingum. Eitt af þeim fjölmörgu verkefnum sem innleiðing batamiðaðrar heilbrigðisþjónustu hefur leitt af sér er starfræksla Bataskóla (*Recovery College*) í Bretlandi eða fræðslumiðstöðva um bata (*Recovery Education Centers, REC*) sem eru algengari í Bandaríkjunum. Markmið þessara stofnanna er að auka hæfni fólks með geðröskun til að ná stjórn á verkefnum daglegs lífs, samlagast samfélaginu og ná tókum á eigin tilveru. Þeir sem sækja sér menntun eru skilgreindir sem **nemendur** í stað, sjúklinga, fólk með geðfötlun eða notendur þjónustu. Kjörorð bataskóla eru *Hope, Control og Opportunity*. Nemendur eru hvattir til að vera virkir í eigin umhyggju og vellíðan, læra hvernig eigi að takast á við eigin erfiðleika og ástand og koma sér upp aðferðum til að geta lifað hamingjuríku og innihaldsríku lífi.

Að frumkvæði framkvæmdastjóra Geðhjálp hafa fulltrúar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs fundað með Geðhjálp um samvinnu og leiðir til stofnunar bataskóla á Íslandi. Í fyrirliggjandi tillögum er gert ráð fyrir að skólinn verði hýstur í húsnæði Námsflokka að Suðurlandsbraut 32, Reykjavík. Um væri að ræða tilraunaverkefni til 3ja ára.

Í tillögunni felst að velferðarsvið og skóla- og frístundasvið munu standa saman að undirbúningi og stofnun skólans fáist til þess fjármagn. Í fylgiskjali 2 er kostnaðaráætlun vegna rekstrar bataskólans fyrstu þrjú árin.

Niðurstaða:

Það er mat þeirra sem kynnt hafa sér starfsemi bataskóla að um sér að ræða mikilvægt menntunarræði fyrir einstaklinga sem glíma við geðræna erfiðleika, fjölskyldur og vini. Gott samstarf er á milli fulltrúa skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs og Geðhjálpur um undirbúning að skólanum. Virk, starfsendurhæfing hefur veitt skólanum styrk að upphæð 4,2 m.kr. vegna námsferðar til Nottingham og fyrirhugað er að sækja um fleiri styrki.

Fylgiskjöl:

Skýrsla um kynnisferð til London og Nottingham 31. mars – 1. apríl 2016.

Kostnaðaráætlun um rekstur bataskóla.

**Til umsagnar 6. mál frá nefndasviði Alþingis - MJÖG STUTTUR FRESTUR**

Almennt: t-póstur

Málsnúmer: R16120059

Bréfalyklar: 175 Lög, reglugerðir, frumvörp sem ekki

vistast undir viðkomandi málefni

Eigandi skjals: Bryndís Guðmundsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar :

Búið til: 14.12.2016 00:00:00

Dagsetning skjals: 14.12.2016

Upplýsingar um viðskiptavin :

Netfang: sigrunhelga@althingi.is

Skjalalykill	175 Lög, reglugerðir, frumvörp sem ekki vistast undir viðkomandi málefni	Málsnúmer	R16120059
Móttökudags.	14.12.2016	Skráð í GoPro	14.12.2016

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)		Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	t-póstur	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			

Sent:

Sent til:

Frá: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Dags: 14.12.2016 11:09:01

Til:

Efni: Til umsagnar 6. mál frá nefndasviði Alþingis - MJÖG STUTTUR FRESTUR

Komið sæl,

Ég biðst velvirðingar á mjög stuttum fresti sem er á morgun, 15. desember kl. 15:00.

Kv. Sigrún Helga

14. desember 2016

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 15. desember kl. 15:00 á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalíð er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/146/s/0006.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

ritari nefndasviðs Alþingis



- OutlookMessageContent.msg



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa
innkaupadeild

Reykjavík, 3. október 2016
R16010079

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Málsnr.: R16010079
Skjalasafn Ráðhúss
06. okt. 2016
Bréfalykill: 5252

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lágstbjóðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í september 2016

Teg. verks / vöru / þjónusta	Seljandi / samn.aðili	Samnings-verð	Teg. samn. / samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Víðnetsþjónusta	Advania ehf	185.279.076	Samn. / samn.lok 2021	EES Samkeppnis- viðræður	Innkauparáð
IBM hugbúnaðarleyfi	Crayon Iceland ehf	3.979.610	Pöntun	Verðfyrirspurn	Upplýsinga- tæknideild

Guðbjörg Eggertsdóttir
Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Málsnr.: 216010095
Skjalasafn Ráðhúss
12. des. 2016
Bréfalykill: 5252

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innskaupareglna Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lögstjóðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni innskaupadeildar Reykjavíkurborgar í nóvember 2016

Teg. verks / vöru / þjónusta	Seljandi / samn.aðili	Áætluð velta á ársgrundvelli	Teg. samn./ samn.tími	Innskaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Sjávarfang	Fiskbúðin Sæbjörg ehf., Hafið fiskverslun ehf., Norðanfiskur ehf., Sæsteinn ehf	210,0 m.kr.	Rammasamningur / samn.lok 14.11.2018	EES Útboð	Innskauparáð
Túlka- og þýðingþjónusta	Alþjóðasetur ehf, Hildur Sif Thorarensen, InterCultural Ísland ehf, Jafnréttishús, Polanska slf	15,0 m.kr.	Rammasamningur / samn.lok 11.11.2017	EES Útboð - Framlenging	Innskauparáð

Yfirlit yfir verkefni innskaupadeildar f.h. fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar í nóvember 2016

Teg. verks / vöru / þjónusta	Seljandi / samn.aðili	Samnings-verð án vsk	Teg. samn./ samn.tími	Innskaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Fjármálaþjónusta. Innheimtuþjónusta ásamt fruminnheimtu	Íslandsbanki hf	188.025.000	Samn. / samn.lok 31.12.2021	EES Útboð	Innskauparáð

Yfirlit yfir verkefni innskaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í nóvember 2016

Teg. verks / vöru / þjónusta	Seljandi / samn.aðili	Samnings-verð	Teg. samn./ samn.tími	Innskaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Spjaldtölvur með IOS Apple stýrikerfi	Skakkiturn ehf	3.850.000	Pöntun	Örútbóð innan rammasamn.	Upplýsingatæknideild
Cisco netbúnaður	Advania hf	58.447.847	Pöntun	Örútbóð innan rammasamn.	Upplýsingatæknideild

Guðbjörg Eggertsdóttir

Guðbjörg Eggertsdóttir
innskaupadeild Reykjavíkurborgar

Reykjavík 7. des. 2016

Til borgarstjórnar.

Efni: Húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki.

Landssamtökin Þroskahjálp hvetja stjórnendur sveitarfélaga eindregið til að huga sérstaklega að aðstæðum og þörfum fólks með þroskahömlun og fatlaðs fólks almennt þegar þeir gera áætlanir í húsnæðismálum og setja reglur og/eða taka ákvarðanir um veitingu stofnframlaga samkvæmt nýjum lögum sem um það gilda.

Samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, skal fatlað fólk „eiga kost á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir“ og skulu sveitarfélög tryggja að framboð á húsnæðisúrræðum til þess sé til staðar.


Viðeigandi húsnæði er augljóslega algjör forsenda þess að markmið um að „tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi,“ geti náðst, eins og kveðið er á um í 1. gr. laganna.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er þetta sérstaklega áréttað en íslensk stjórnvöld hafa nú fullgilt þennan mikilvæga mannréttindasamning og þar með skuldbundið sig til að framfylgja honum og tryggja fötluðu fólki þau réttindi sem þar er mælt fyrir um.


Allt of víða hefur skortur á viðeigandi húsnæði fyrir fólk með þroskahömlun og fatlað fólk almennt leitt til þess að það hefur ekki fengið að njóta þeirra mannréttinda að búa við jafnrétti og hafa skilyrði til að lifa eðlilegu lífi og njóta einkalífs, eins og annað fólk. Það er á ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélaga að bæta úr því og það er skylda þeirra samkvæmt lögum og mannréttindasamningum að setja það í forgang.

Afar mikilvægt er að sveitarfélög gæti þess sérstaklega við hönnun og byggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk, s.s. hvað varðar stærð íbúða og fjölda samliggjandi íbúða og við skipulag og framkvæmd þjónustunnar að sem best verði náð þeim markmiðum að fatlað fólk skuli fá tækifæri til að búa og taka þátt í samfélaginu án aðgreiningar og að vera í eðlilegum tengslum við nærumhverfi sitt með sama hætti og aðrir eiga kost á.

Húsnæðisáætlanir og stofnframlög eru góð tæki fyrir sveitarfélög til að ná umræddum markmiðum og standa við skyldur sínar gagnvart fötluðu fólki. Landssamtökin Þroskahjálp skora á sveitarfélög að nýta þau tæki mjög vel.


Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Virðingarfyllst,


Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri